

24. apríl 2009

Tillögur nefndar félags- og tryggingamálaráðherra um stöðu barna í mismunandi fjölskyldugerðum

Nefnd um stöðu barna í mismunandi fjölskyldugerðum var skipuð í nóvember 2007 af félags- og tryggingamálaráðherra í samræmi við þingsáætlun til fjögurra ára um aðgerðir til að styrkja stöðu barna og ungmenna. Verkefni hennar var að fjalla um stöðu einstæðra og forsjárlausra foreldra og réttarstöðu barna þeirra og um réttarstöðu stjúpfleldra. Hluti verkefnisins fólst í því að kanna fjárhagslega og félagslega stöðu þessa hóps.

Í nefndinni áttu sæti fulltrúar þriggja ráðuneyta ásamt fulltrúum sveitarfélaga, fagaðila og hagsmunasamtaka. Formaður nefndarinnar var Ágúst Ólafur Ágústsson alþingismaður. Starfsmenn hennar voru Hrefna Friðriksdóttir, lektor í sifjarétti við Háskóla Íslands, og Þorgerður Benediktsdóttir, lögfræðingur í félags- og tryggingamálaráðuneytinu.

Nefndarmennirnir eru í megindráttum sammála um efni tillagnanna en í sumum tilvikum hafa einstakir nefndarmenn fyrirvara eða ólíkar skoðanir. Helstu tillögur eru raktar hér en í skýrslunni er gerð grein fyrir afstöðu nefndarmanna til einstakra tillagna.

Helstu tillögur sem varða sifjamál og félagslega stöðu barna

- Dómurum verði veitt heimild til að dæma foreldrum sameiginlega forsjá barns gegn vilja annars foreldris sé það talið þjóna hagsmunum barnsins.
- Maður sem telji sig vera föður barns geti höfðað ógildingar-/vefengingarmál þegar um feðrað barn er að ræða.
- Afnumið verði gildandi fyrirkomulag sem felur í sér að taki fráskilið foreldri með barn upp sambúð á nýjan leik fær makinn sjálfkrafa forsjá yfir barninu. Þess í stað þurfi viðkomandi að sækja um forsjá.
- Tekin verði upp sú meginregla að forsjárlausir foreldrar hafi sama rétt til aðgangs að skriflegum upplýsingum um barn sitt og það foreldri sem fer með forsjána.
- Sýslumenn fái rýmri heimild til að úrskurða um umgengni barna við afa sína og ömmur til að börn njóti aukinna möguleika til umgengni við þau. Einnig að barn eigi rétt á umgengni við stjúpfleldri og sýslumenn fái heimild til að úrskurða um umgengni við stjúpfleldri eftir skilnað eða sambúðarslit við foreldri.
- Sýslumenn og dómáráð fái heimild til að ákveða umgengni 7 af 14 dögum.
- Bæta þurfi málsmeðferð umgengnismála hjá sýslumönnum og opna fyrir heimild foreldra til að reka mál sem eingöngu snýst um umgengni fyrir dómstólum.
- Báðir foreldrar beri almennt kostnað af umgengni.
- Endurskoðun barnalaga og tryggja að unnt verði að grípa til skilvirkari úrræða vegna tilefnislausra umgengnistálmana.

Nýtt kerfi barnatrygginga til að útrýma barnafátækt

Nefndarmenn mæla til að tekið verði upp nýtt kerfi barnatrygginga sem komi í stað barnabóta, mæðra- og feðralauna, barnalífeyris og viðbótar við atvinnuleysisbætur vegna barna. Samkvæmt útreikningum myndi nýja kerfið ekki auka útgjöld ríkisins en árlegur kostnaður þess nemur um 14 milljörðum króna.

Markmiðið er að útrýma fátækt barnafjölskyldna. Miðað er við að öllum barnafjölskyldum verði tryggð ákveðin fjárhæð til lágmarksframfærslu óháð því hvaðan tekjur fjölskyldunnar koma. Barnatryggingar yrðu allar tekjutengdar og myndu skerðast hjá fólki með tekjur umfram meðalráðstöfunartekjur. Hagur tekjulágra hópa, sérstaklega atvinnulausra og láglounafólks myndi batna og kerfið myndi nýtast vel barnmörgum fjölskyldum.

Barnatryggingar myndu tryggja öllum foreldrum upp að lágtekjumörkum 40.000 króna greiðslu fyrir hvert barn. Með því móti er grunnframfærsla allra barna tryggð. Skerðingarmörkin yrðu 146.000 krónur hjá einstæðum foreldrum og 252.000 krónur hjá hjónum sé miðað við tekjur fyrir skatt.

- Í núgildandi kerfi fær einstætt foreldri undir skerðingarmörkum og með eitt barn 21.143 krónur í tekjutengdar barnabætur en í hinu nýja barnatryggingakerfi fengi foreldri undir skerðingarmörkum 40.000 krónur.
- Dæmi um einstætt foreldri með tvö börn sem er með 251.266 króna tekjur fyrir skatt fær í núverandi kerfi 42.051 krónu en fengi í hinu nýja barnatryggingakerfi 63.730 krónur á mánuði eða um 22.000 króna hærrí fjárhæð á mánuði.
- Hjón með tvö börn og 422.914 krónur í tekjur fyrir skatt fá núna 22.505 krónur en fengju 42.955 krónur eða 20.450 krónum meira í hverjum mánuði.
- Í núgildandi kerfi fær einstætt foreldri sem er með 728.973 krónur í tekjur fyrir skatt og eitt barn 10.147 krónur í barnabætur á mánuði en í nýja barnatryggingakerfinu fengi viðkomandi engar barnatryggingar enda er verið að færa fjárhæðir barnabóta til þeirra hópa sem þurfa hvað mest á þeim að halda.

Tillögur um fræðslu og ráðgjöf til barnafjölskyldna

- Tryggt verði gott aðgengi að fjölskylduráðgjöf. Allir foreldrar fái upplýsingar um réttindi og skyldur sem fylgja því að fara með forsjá barns.
- Þeir aðilar sem hyggjast slíta sambúð eða hjúskap með börn verði skyldaðir að fara í viðtöl til að fá fræðslu og ráðgjöf hjá fagaðila um samskipti eftir skilnað óháð því hvort þeir eru sammála eða ekki.
- Stjúpfjölskyldum verði veitt fræðsla og stuðningur.
- Gerð verði netsíða í samstarfi við viðeigandi félagsamtök með upplýsingum um mismunandi fjölskyldugerðir.

Nýjar upplýsingar í skýrslunni

Nefndin fékk Hagstofu Íslands til að gera rannsókn á tekjum og efnahag barnfjölskyldna, svo sem eftir eignum og skuldum eftir sambúðarstöðu foreldra og eftir því hvar börn þeirra búa. Samkvæmt þeirri aðferð (I) sem Hagstofan mælir með að stuðst sé við kemur fram að miðgildi ráðstöfunartekna er hæst hjá foreldrum sem búa saman. Næstir í röðinni koma einstæðir feður án barna, einstæðir feður með börn, einstæðar mæður með börn og lágstar ráðstöfunartekjur hafa einstæðar mæður án barna. Sé stuðst við aðra aðferð (II) sem Hagstofan mælir einnig með breytist röðin lítillega en þá er miðgildi ráðstöfunartekna hæst hjá foreldrum sem búa saman. Næstir í röðinni koma einstæðir feður með börn, þá einstæðar mæður með börn, einstæðir feður án barna og lestina reka einstæðar mæður án barna.

Í skýrslunni eru einnig birtar nýjar niðurstöður rannsóknar Sigrúnar Júlíusdóttur á reynslu foreldra af sameiginlegri forsjá foreldra með börnum sínum eftir skilnað tímabilið júlí 2006–júlí 2008. Þar kemur meðal annars fram að 92% barna eiga lögheimili hjá móður en 8% hjá föður. Þá dvelja 24% umræddra barna jafnt hjá báðum foreldrum og var hið svokallaða viku og viku fyrirkomulag algengast þar. Um 77% foreldra eru mjög eða frekar hlynnt því að dómari geti dæmt sameiginlega forsjá og 96% þeirra eru mjög eða frekar hlynnt því að foreldri grípi til formlegra aðgerða með því að leita til yfirvalda ef annað foreldri tálmar samvistum við barn.

Nefndin ákvað einnig að kalla eftir svörum frá sveitarfélagum um þjónustu þeirra gagnvart mismunandi fjölskyldugerðum og liggja þau svör fyrir í skýrslunni.